



# Svæðisskipulag Vestfirðna 2025 - 2050

Skipulags- og matslýsing

Samþykkt í svæðisskipulagsnefnd 4. apríl 2024

Unnið fyrir:

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða og  
Fjórðungssamband Vestfirðinga

Unnið af:

**VSÓ** RÁÐGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík  
[www.vso.is](http://www.vso.is)

**urbana**

Grandagarður 16, 101 Reykjavík  
[www.urbana.is](http://www.urbana.is)



## Efnisyfirlit


1	Inngangur	1
1.1	Tildrög og forsendur	1
1.2	Ásetningur	2
2	Staða og áskoranir	3
3	Viðfangsefni og áherslur	6
3.1	Atvinna og nýsköpun	6
3.2	Orka og innviðir	7
3.3	Samfélag	7
3.4	Menning og upplifun	8
3.5	Umhverfi og loftslag	9
4	Tengsl við aðrar áætlanir	10
4.1	Aðalskipulag sveitarfélaga	10
4.2	Svæðisskipulag og strandsvæðisskipulag	10
4.3	Landskipulagsstefna	11
4.4	Sóknaráætlun	11
4.5	Aðrar stefnur og áætlanir	11
5	Matslýsing	12
5.1	Nálgun umhverfismats	12
5.2	Áhrifa- og umhverfisþættir	12
5.3	Umhverfisviðmið/sjálfbærni viðmið	13
6	Verkferlið	14
6.1	Hlutverk í ferlinu	14
6.2	Kynningar og umsagnaraðilar	15
	Viðauki 1 – Ferli svæðisskipulags	16
	Viðauki 2 – Samantekt yfir stefnur og áætlanir	17



## 1 Inngangur

Gerð verkefnislýsingar svæðisskipulags Vestfjarða 2025 - 2050 fer skv. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar segir að gera skuli grein fyrir áherslum svæðisskipulagsnefndar við gerð svæðisskipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu ásamt því hvernig samráði og kynningu verði háttáð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Verklýsingu svæðisskipulags Vestfjarða er skipt upp í sjö kafla. Fyrsti kafli er inngangur sem fjallar um tildrög og forsendur skipulagsvinnunnar. Annar kafli fjallar um stöðu og áskoranir landshlutans. Þriðji kafli verklýsingarinnar tekur á viðfangsefnum og áskorunum skipulagsvinnunnar. Fjórti kafli tengir svæðisskipulagið við aðra stefnumótun sem unnin hefur verið innan og fyrir fjórðunginn. Fimmti kafli er matslýsing svæðisskipulagsins og hvernig staðið verður að umhverfismati áætlunarinnar. Í sjötta kaflanum er farið yfir verkferlið, áfanga verksins og verkáætlun í heild sinni. Í viðauka er yfirlit yfir stefnur og áætlanir sem tengjast svæðisskipulagi Vestfjarða.



### 1.1 Tildrög og forsendur

Ákvörðun um að vinna svæðisskipulag fyrir Vestfirði, byggir á ályktun 67. frá Fjórðungspingi Vestfirðinga sem haldið var á Patreksfirði 8.-10. september 2022 og beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambandsins að láta hefja vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði hið fyrsta. Segir síðan í ályktunni að:

*„Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagræni og félagslegri heild sem styrkir byggðaðróun á Vestfirðum til framtíðar.“*



Skipulagssvæðið tekur til alls lands aðildarsveitarfélaga Fjórðungssambands Vestfirðinga eða svæðis frá Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar. Viðmiðunartími svæðisskipulags verður 25 ár, og nær yfir tímabilið 2025-2050.

Sveitarfélögin eiga samstarf í gegnum aðild sína að Fjórðungssambandi Vestfirðinga og með beinni eða óbeinni aðild að stefnuskjölum er varða hagsmuni alls landshlutans. Um nokkurt skeið hefur staðið til að vinna sameiginlega stefnumótun fyrir Vestfirði. Slíkt var skoðað með skýrslu um sameiginlega stefnumótun fyrir Vestfirði frá 2016. Á síðustu árum hefur uppbygging og nýsköpun í atvinnumálum, bættar samgöngur og breytt tengsl innan fjórðungsins opnað á ný tækifæri og í ljósi þess breytta veruleika vilja sveitarfélögin nú marka sér sameiginlega, langtíma stefnumörkun með svæðisskipulagi.

## 1.2 Ásetningur

Það er vilji sveitarfélaganna að svæðisskipulagið verði það stefnuskjal sem móti framtíðarsýn fyrir skipulag sveitarfélaganna og allar aðrar áætlanir (stefnuskjöl) fjórðungsins. Hlutverk þeirra verði að hlutgera framtíðarsýn svæðisskipulagsins. Í samstarfi um sóknaráætlun landshlutans árið 2020 mótuðu sveitarfélögin með sér framtíðarsýn sem lögð er til grundvallar í upphafi skipulagsvinnunnar:

*„Vestfirðir eru framúrskarandi svæði til að búa, starfa, heimsækja og njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund. Góðir innviðir, öflug samfélagsleg þjónusta og fjölbreytt atvinnulíf sem einkennist af virðingu fyrir umhverfi, samfélagi og auðlindum.“*

Svæðisskipulagi Vestfjarða er ætlað að vera hreyfiafl framfara og sameiginlegt verkfæri sveitarfélaganna og landshlutans í samskiptum sín á

milli og út á við, verkfæri sem styrkir stöðu Vestfjarða. Svæðisskipulagið verður farvegur sameiginlegra hagsmuna Vestfirðinga.

Gildi svæðisskipulagsvinnunnar fyrir landshlutann felst ekki síður í ferðalaginu en afurðinni., Það að koma saman og móta skipulagið eykur enn frekar samtakamátt og samheldni sveitarfélaganna.


Svæðisskipulag Vestfjarða á að draga fram þætti sem efla samfélagið á Vestfjörðum með frumkvæði, þekkingu og samvinnu að leiðarljósi. Settar verða fram aðgengilegar upplýsingar um sérstöðu svæðisins og sóknarfæri með skýrum hætti. Við svæðisskipulagsgerðina skal svæðisskipulagsnefndin vinna með sjálfbærni til grundvallar stefnumörkun í öllum málaflokkum. Ætlunin er að samhæfa megin stefnuþætti nýrrar sóknaráætlunar við stefnuþætti svæðisskipulags. Þannig er ætlunin að framtíðarsýn og málaflokkar svæðisskipulagsins næstu 25 árin verði leiðandi fyrir þær sóknaráætlanir sem verða unnar á því tímabili.



## 2 Staða og áskoranir

Í svæðisskipulagsvinnunni verður staða landshlutans skoðuð, bæði gegnum greiningar og samráð. Bygðastofnun vinnur nú stöðugreiningu fyrir landshlutann, sem verður höfð til hliðsjónar í ferlinu.


Í ársbyrjun 2024 voru íbúar á Vestfjörðum 7.168. Íbúaþróun síðustu 25 ára hefur sveiflast mikið. Íbúar í fjórðungnum voru 8.658 árið 1998 en fækkaði skarpt næstu tíu árin. Þá hægði verulega á brottflutningi og árið 2017 fór fólki aftur að fjölga. Þennan jákvæða viðsnúning má að stærstum hluta rekja til aukinnar atvinnuuppbyggingar.



Mynd 1 - Fólksfjöldaþróun landshluta á þremur tímabilum, 1998-2007, 2008-2017 og 2018-2023. Heimild: Hagstofa Íslands.

Brottflutningur frá Vestfjörðum var meiri en annarra landshluta fram til ársins 2008 en þá tók við ákveðið jafnvægi í að- og brottflutningi. Síðan 2017 hefur fólki fjölgað til jafns við aðra landshluta utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar. Á Suðurfjörðunum hefur fólki fjölgað um 16% frá því þegar fæstir bjuggu þar árið 2012.

Eins og víðar á landinu hefur meðalaldur hækkað og kynjahlutföll skekkst. Innflytjendur sem koma hingað til lands til vinnu eru að meirihluta karlmenn og Vestfirðir eru þar ekki undantekning. Einnig hafa fleiri vestfirskar konur flutt frá landshlutanum en karlar. Eldra fólki fjölgar, líkt og víðar. Börnum hefur fækkað mikið en aðflutningur yngra fólks getur snúið þeirri þróun við.




Mynd 2 Aldurdreifing og kynjahlutföll Vestfjarða samanborið við landið allt.



Á Vestfjörðum er nokkuð hátt hlutfall í aldurshópnum 60-69 ára. Hins vegar er meiri munur á aldursdreifingu milli svæða innan landshlutans, en milli landshlutans og landsins alls. Mestur brottflutningur hefur orðið frá strjálbýli, eða 44% frá árinu 2001. Þá hafa fámennari byggðalög eins og Strandir og Reykhólahreppur farið á mis við þessa þróun að miklu leyti þótt verulega hafi hægst á brottflutningi.

Vestfjörðum má skipta í þrjú til fjögur vinnusóknarsvæði: Suðurfirðir, Norðurfirðir og Strandir / Reykhólahreppur, sbr. mynd 3. Vegurinn um Þróskulda hefur tengt tvö síðastnefndu svæðin saman en hið fyrra teygir sig vestur í Ísafjarðardjúp en hitt suður til Búðardals. Vegabætur síðustu ára hafa auðveldað tengsl innan landshlutans. Fjarlægðanna vegna má þó teljast ólíklegt að íbúar muni almennt sækja vinnu daglega þvert á vinnusóknarsvæðin. Fjarvinnutækni eykur hins vegar möguleika á því að sinna starfi óháð staðsetningu og sú tækni hefur þróast hratt á allra síðustu árum auk bættra gagnaflutninga

Atvinnutekjur eru háar á Vestfjörðum; einungis Austurland og höfuðborgarsvæðið hafa hærri atvinnutekjur á íbúa. Að miklu leyti má þakka þetta útflutningsdrifnu hagkerfi þar sem sjávarfang er megin stoðin. Síðustu ár hefur störfum í fiskveiðum og -vinnslu fækkað en fiskeldið að einhverju leyti komið í staðinn. Samkvæmt nýlegri skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ skýrði sjóeldi á laxi um það bil 5% hagvöxt af 25% vexti á Vestfjörðum á árunum 2012-2019. Ársverk í sjóeldi á laxi voru um 160 á Vestfjörðum árið 2022 eða 4-5% ársverka Vestfjarða. Sem afleiðing af uppbyggingunni fjölgaði íbúum sunnanverðra Vestfjarða um 200, eða 16%, frá ársbyrjun 2014 fram á haust 2023 og húsnæðisverð þrefaldaðist tæplega – en er þó enn aðeins 35-40% af verði í sérbýli í austurhverfum Reykjavíkur.



Mynd 3 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2021, byggt á kortlagningu Byggingarstofnunar

Framleiðsla önnur en fiskvinnsla hefur aukist nokkuð. Þar má helst nefna fyrirtækið Kerecis sem byrjaði sem sproti en óx verulega á síðustu árum og er orðið stórfyrirtæki á íslenskan mælikvarða með alþjóðlegt eignarhald. Einnig hefur störfum í ferðaþjónustu fjölgað en erfitt hefur reynst að reka ferðaþjónustu sem heilsársgrein.



Þær áskoranir sem landshlutinn stendur frammi fyrir eru flestar ekki nýjar af nálinni. Þær hafa verið greindar og um þær fjallað í fjölmörgum stefnuskjölum og skýrslum undanfarin ár. Utan þeirra sem snúa að framangreindri íbúapróun og lýðfræði þá varða þær helst atvinnuþróun, innviði og umhverfismál.

Töluverðar breytingar hafa orðið á atvinnulífi á Vestfjörðum undanfarin ár aðallega með fjölgun ferðamanna og auknum umsvifum í fiskeldi. Uppbygging hefur jafnt og þétt bætt lífsgæði og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Bættir innviðir eru forsenda áframhaldandi atvinnuuppbyggingar. Umhverfis- og loftslagsáskoranir landshlutans er samofnar alþjóðlegum skuldbindingum Íslands og endurspeglast í auknum kröfum og áherslum um breytta hegðun. Vestfirðingar hafa ætíð búið við náttúruvá, sérstaklega snjóflóð og ágang sjávar, en með loftslagsbreytingum breytist eðli náttúruvár oft á tíðum. Til dæmis breytist úrkomumynstur og getur bæði leitt af sér aukin ofanflóð og meiri þurrka en hingað til hefur þekkt.





### 3 Viðfangsefni og áherslur

Við móttun svæðisskipulags verður mótuð langtímastefna um sömu málaflokka og við endurskoðun gildandi sóknaráætlunar Vestfjarða; Atvinna og nýsköpun, Samfélag, Menning og upplifun og Umhverfi og loftslag. Einnig verður mótuð stefna um innviði sem tengja fjórðunginn innbyrðis. Myndir í þessum kafla eru fengnar úr Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.

Við gerð svæðisskipulags verða unnar greiningar á stöðu þessara málaflokka og leitast verður við að setja hana myndrænt fram. Fyrirliggjandi stefnur, áætlanir og skýrslur hafa þegar greint helstu áskoranir er snúa að Vestfjörðum.

Megináhersla svæðisskipulags er að móta sameiginlega stefnu ofangreindra málaflokka þar sem ólíkir stefnuþættir þeirra mynda eina órofa heild.

Hér á eftir er stutt samantekt á helstu styrkleikum og veikleikum hvers málaflokks eins og þeir birtast í fyrri greiningum og umræðum hjá svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða.

#### 3.1 Atvinna og nýsköpun

Styrkleikar Vestfjarða eru að svæðið býður upp á gott umhverfi til nýsköpunar. Þar er auðvelt að prófa nýja hluti og hugmyndir þar sem boðskiptaleiðir eru stuttar og náttúruauðindir afar nálægar. Möguleikar landshlutans til fullvinnslu náttúruafurða eins og sjávarfangs, sjávargróðurs eru miklir og ekki fullnýttir eins eru fyrirséð tækifæri í skógrækt. Sóknarfæri í fullvinnslu tengjast sjálfbærnihugsun með hringrásarútfærslu að leiðarljósi. Styrkleikar landshlutans liggja ekki síst í útflutningsdrifnu hagkerfi sem getur gefið svæðinu aukið sjálfstæði kæmi til beins útflutnings afurða af svæðinu. Auk þess er atvinnulífið stöðugt og einkennist af lítilli starfsmannaveltu og lágu atvinnuleysi.

Veikleikar landshlutans eru allnokkrir. Skortur og óöryggi eru orð sem einkenna marga þeirra. Skortur er á raforku og á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Einnig á fjármagni til nýsköpunar og skortur á iðn- og sérmenntuðu starfsfólki. Óviðunandi öryggi í samgöngum hamla atvinnulífi og samfélagi.

Menntunarstigið er lágt í samanburði við aðra landshluta og atvinnulausir flytja burt af svæðinu. Atvinnulífið er helst til fábreytt, útflutningsdrifið, karllægt og auðlindamiðað.

Helstu áherslur við gerð svæðisskipulags:

- Hliðargreinar við sjávarútveg.
- Rannsóknir og fræðasetur.
- Sprotafyrirtæki





## 3.2 Orka og innviðir

Hvað viðlíttur innviðum innan landshlutans eru helstu styrkleikar að mati svæðisskipulagsnefndarinnar þær samgönguframfarir á landi sem orðið hafa á síðustu árum innan landshlutans. Þar ber hæst samgöngubætur innan hins svokallaða hringvegs 2 (sjá mynd). Samgöngubætur eins og Dýrafjarðargöng, nýr vegur yfir Dynjandisheiði og þverun fjarða á Suðurfjörðum. Loftbrú sem stjórnvöld komu á árið 2020 með niðurgreiðslu fargjalda í innanlandsflugi er styrkur fyrir landshlutann.



Þrátt fyrir skort á raforku hefur afhendingaröryggi batnað innan Vestfjarða með úrbættum á flutnings og dreifikerfi s.s. auknum fjölda rafstrengja lögðum í jörð, þrífösunarátaki og auknu varaafli knúnu jarðefnaeldsneyti. Fjarskipti eru heilt yfir góð, þó er fjarskiptasamband slæmt á annesjum og á tengivegum að helstu ferðamannastöðum. Tækifæri liggja í aukinni nýtingu jarðhita, athugunar á öflun raforku innan landshlutans með virkjun vatns og vinds og síðar meir nýtingu sjávarfalla.

Helstu veikleikar og áskoranir landshlutans snúa að samgöngum, flutningi og öflun rafmagns. Það skortir uppá vetrarþjónustu á vegum, það er áskorun að treysta betur flugsamgöngur og skoða má strandflutninga fyrst og fremst til að létta álagi af vegakerfinu.

Er kemur að öflun og flutningi raforku hefur þróunin ekki haldið í við breytta þörf og staðan sú að Vestfirðir þurfa 44 MW af raforku en framleiða sjálfir einungis 11-23 MW eftir aðstæðum. Aðflutt raforka kemur til Vestfjarða með einni flutningslínu og flutningsgeta línunnar er við efri mörk þegar orkuþörf er hvað mest yfir vetrartímam. Það að hringtengingar njóti ekki við hamlar framþróun samfélaga og atvinnulífs og hindrar orkuskipti og stendur þar með í vegi fyrir að markmiðum í loftslagsmálum verði náð.

Helstu áherslur við gerð svæðisskipulags:

- Orkuöflun, orkunotkun og orkuflutningur
- Samgöngur
- Fjarskipti

## 3.3 Samfélag

Styrkleikar Vestfjarða sem samfélags eru fjölmargir. Samheldni er mikil sem einkennist af stuttum boðleiðum, hjálpssemi og samstöðu. Samfélagið er fjölmennings-samfélag þar sem inngilding gengur vel. Sköpunarkraftur samfélagsins er mikill og auðvelt er að virkja litla hópa. Nálægð við náttúruna er mikilvægur styrkleiki góðra Vestfirskra samfélaga.

Samfélagslegar áskoranir Vestfjarða eru margvíslegar. Lýðfræðilega er meðalaldur hár, áskorun er að halda í aðflutta íbúa og fámenni er ógn við ákveðin samfélög. Tilkoma fjölmennings-samfélags felur í sér bæði tækifæri



og áskoranir. Fjölmenningin hefur aukið á félags- og efnahagslega skiptingu, erfitt er að ná til erlendra íbúa sem má að einhverju leyti rekja til skorts á menningarlausni. Félagsleg virkni breyst í kjölfar aukinnar tæknivæðingar sem að einhverju leiti hefur gert félagsstarf fábreyttara.

Húsnæðismarkaðurinn á Vestfjörðum er fábreyttur. Skortur er á fjölbreyttara húsnæði til leigu eða kaups til að auðvelda kynslóðaskipti.

Helstu áherslur við gerð svæðisskipulags:

- Húsnæðismál
- Fjölmennig
- Lýðheilsa



### 3.4 Menning og upplifun

Helstu styrkleikar Vestfjarða er kemur að menningu og upplifun eru rótgróin menning sem endurspeglast í sagnahefð, matarhefð, tónlistarhefð og safnahefð. Bæjar- og staðbundnar hátíðir hafa vaxið og eflst. Ímynd menningar og ferðapjónustu er góð. Ferðapjónustan innan landshlutans hefur vaxið breyst hratt og er mikli ásókn er til Vestfjarða yfir sumartímann. Sú öra

fjölgun sem orðið hefur á komum skemmtiferðaskipa til Vestfjarða hefur reynst áskorun fyrir innviði og samfélag.

Það skortir aðgengi að fjármagni er kemur að fjármögnun menningar og ferðapjónustu. Ein helsta ástæða þess að ferðapjónustan er ekki heilsárs atvinnugrein á Vestfjörðum er vöntun á heildstæðri markaðssetningu. Ákveðnum vítahring er viðhaldið þar sem ferðafólk kemur ekki af því þjónustu skortir á sama tíma og þjónustan byggist ekki upp vegna þess að ákveðin vöntun er á ferðafólki frá hausti og fram á vor. Afkoma gististaða er því sveiflukennð og alls ekki næg til uppbyggingar. Jafnframt aukast kröfur til hátíða og samkomuhalds stöðugt og samhliða þver kraftur sjálfbóðaliðaframtaksins.

Helstu áherslur við gerð svæðisskipulags:

- Ferðapjónusta.
- Menningarauður
- Áfangastaður





### 3.5 Umhverfi og loftslag

Náttúra og umhverfi Vestfjarða býr yfir miklum styrkleikum, má þar nefna mikilfenglegt landslag, víðerni, lítt raskaða náttúru og hreina ímynd. Vegna þessarar einstöku og fallegu náttúru henta firðirnir vel til ferðaþjónustu, útivistar og búsetu sem endurspeglast í staðarstolti heimamanna.

Veikleikar svæðisins í umhverfismálum snúa m.a. að brennslu jarðefnaeldsneytis, á stundum slægri umgengni og óljósri framtíðarsýn um vernd og nýtingu landsvæða og náttúruauðlinda.

Hnattrænar ógnanir loftslaghlýnunar steðja að Vestfjörðum með breyttu veðurfari og náttúruvá. Því þurfa sveitarfélögin að mæta með loftslagsaðlögun.

Tækifærin sem bjóðast eru hinsvegar mýmörg. Nú þegar hafa sveitarfélögin hafið vinnu við gerð svæðisáætlunar um úrgang, loftslags- og orkuskiptaáætlanir og hafið endurnýjun á vottun Vestfjarða sem sjálfbærs áfangastaðar fyrir ferðamenn, sem felur í sér aukna áherslu á umhverfismál í stjórnun sveitarfélaganna.


Helstu áherslur við gerð svæðiskipulags:

- Loftslagsmál
- Hringrásarhagkerfið
- Vernd og nýting



## 4 Tengsl við aðrar áætlanir

Nýju svæðisskipulagi Vestfjarða er ætlað að hafa áhrif á skipulagsáætlanir sveitarfélaga og aðrar áætlanir landshlutans líkt og greint er frá í kafla 1. Við mótun svæðisskipulagsins verður horft til fyrirbyggjandi stefna og áætlana og stefnuþættir samhæfðir eins og kostur er.



Mynd 4 Staða svæðis- og aðalskipulags á Vestfjörðum

### 4.1 Aðalskipulag sveitarfélaga

Á svæðisskipulagssvæðinu eru níu aðalskipulagsáætlanir í gildi. Þar af eru fjórar tiltölulega nýlega endurskoðaðar sem hafa gildistímabil fram yfir 2030 þ.e. *Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034*, *Aðalskipulag Bolungarvíkur 2020-2032*, *Aðalskipulag Súðavíkurrepps 2020-2030* og *Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035*. Gildandi aðalskipulag annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum er eldra og unnið á grundvelli eldri skipulagslaga. Á ströndum eru í gildi *Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025* og *Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030*

Vinna stendur yfir við endurskoðun þriggja aðalskipulagsáætlana.

Ísafjarðarbær vinnur að endurskoðun á *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020* og kynnti skipulagslýsingu árið 2020 þar sem er horft til 12 ára en óvíst hvenær gera má ráð fyrir staðfestingu nýs aðalskipulags. Strandabyggð er að endurskoða gildandi *Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022* og gert ráð fyrir gildistöku nýs aðalskipulags í árslok 2024 með gildistíma til a.m.k. 12 ára. Unnið hefur verið að endurskoðun á *Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2019-2039* og miðað hefur verið við að það taki gildi á árinu 2024. Eftir sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar mun þurfa að samþætta og setja fram heildstætt aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags.

### 4.2 Svæðisskipulag og strandsvæðisskipulag

Af sveitarfélögnum á Vestfjörðum eru Reykhólahreppur og Strandsbyggð aðilar að *Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018 – 2030*. Svæðisskipulagið leggur áherslu á landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu. Við mótun svæðisskipulags Vestfjarða verður leitast við að þessar áætlana samrýmist og styðji hvor aðra.

*Strandsvæðisskipulag Vestfjarða* var staðfest af ráðherra í mars 2023.

Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags Vestfjarða nær yfir firði og flóa frá



Bjargtöngum í suðri og að Straumnesi í norðri að sveitarfélagamörkum sem miðast við netlög, 115 m frá stórstraumsfjöruborði. Að skipulagssvæðinu liggja sex sveitarfélög: Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Strandabyggð.

### 4.3 Landskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna felur í sér samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild og tekur til landsins alls og haf- og strandsvæða.

Landsskipulagsstefna er fyrst og fremst framfylgt í gegnum skipulagsgerð sveitarfélaga en samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög byggja á og taka mið af áherslum landsskipulagsstefnu við skipulagsgerð.

Í gildi er *Landsskipulagsstefna 2015-2026* sem var samþykkt á Alþingi 2016. Með henni er í fyrsta sinn sett fram samræmd stefna um skipulagsmál á landsvísi til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra áætlanagerð um landnotkun og byggðapróun.

Innviðaráðherra, hefur lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Í tillögu um landsskipulagsstefnu eru sett fram þrjú markmið stjórnvalda í skipulagsmálum sem byggjast á sjálfbærri þróun og felast í: Vernd umhverfis og náttúru, Velsæld samfélags, og Samkeppnishæfu atvinnulífi.

### 4.4 Sóknaráætlun

*Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024* er stefnumótandi áætlun landshlutans þar sem sett er fram framtíðarsýn sem fylgt er eftir með meginmarkmiðum í fjórum málaflokkum auk tólf mælanlegra markmiða. Árlega er fjármagni beint í tvo farvegi verkefna sem ætlað er að vinna að markmiðum áætlunarinnar.

Annars vegar ákveða sveitarfélög og landshlutasamtök áhersluverkefni og hins vegar er opið fyrir uppbyggingarsjóð sem allir geta sótt um í. Nú um leið og svæðisskipulag er mótað er ný sóknaráætlun fyrir árin 2025-2029 í smíðum.

### 4.5 Aðrar stefnur og áætlanir

Sveitarfélög á Vestfjörðum sem standa að gerð svæðisskipulags eiga samstarfi í gegnum aðild sína að Fjórðungssambandi Vestfirðinga og með beinni eða óbeinni aðild að stefnuskjölum er varða hagsmuni alls landshlutans. Við gerð svæðisskipulagsins verður horft til víðtæks samspils með fyrirliggjandi stefnuskjölum. Í viðauka er samantekt yfir stefnuskjölin en þau helstu eru:

- *EarthCheck* umhverfisvottun fyrir áfangastaðinn Vestfirði sem er nú með silfurmerki.
- *Jarðgangnaáætlun Vestfjarða* og greiningu á væntum samfélagslegum áhrifum þeirra.
- *Svæðisáætlun um úrgangsmál* er í vinnslu og er áætlað að ljúki um mitt ár 2024
- *Loftslagstefna* unnið er að gerð loftslagsstefnu fyrir Vestfirði sem setji markmið um samdrátt í losun og aukningu kolefnisbindingar og leggi fram aðgerðaráætlun.
- *Reset – orkuskiptaáætlun* Vestfjarðastofa er þátttakandi í Evrópu verkefni sem ætlað að efla getu sveitarfélaga á fimm svæðum í Evrópu til að takast á við orkuskipti.
- *Orkumál og raforkuflutningskerfi*. Greining á stöðu orkumála á Vestfjörðum og tillögur að aðgerðum liggja fyrir í tveimur nýlegum skýrslum; annarsvegar ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra á árinu 2022 og hinsvegar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra á árinu 2023.



## 5 Matslýsing

Gerð svæðisskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Verkefnislýsingin er jafnframt matslýsingar þar sem gert er ráð fyrir umfangi og áherslum umhverfismatsins.

### 5.1 Nálgun umhverfismats

Við mat á umfangi áhrifa svæðisskipulags Vestfjarða á umhverfið er litið til opinberra viðmiða sem koma fram í stefnum og áætlunum og tekið er mið af þróun umhverfisþátta án framkvæmda áætlunarinnar.

Vægi umhverfisáhrifa mun að stórum hluta byggja á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, viðmiðum sem koma fram í EarthCheck, stefnumörkun stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum og ábendingum sem berast á vinnslutíma og kynningartíma svæðisskipulagstillögunnar.

Áhrifin verða flokkuð í jákvæð og neikvæð áhrif eftir því hvernig þau falla að og styðja við heimsmarkmiðin og önnur viðmið. Auk þess verður gerð grein fyrir óvissu og tilefni hennar.

Ef talið er betur eiga við að fjalla um tiltekin umhverfisáhrif á síðari stigum áætlanagerðar, þ.e. á aðal- og deiliskipulagsstigi verður gerð grein fyrir því í umhverfismatsskýrslu. Auk þess verður fjallað um mótvægis- og vöktunaráætlun, eigi slík áætlun við.

Umfjöllun um valkosti verður eftir þörfum í vinnu við mótun stefnu í einstökum málaflokkum/viðfangsefnum. Í þeim tilvikum verða samanburður á áhrifum á viðeigandi umhverfisþætti. Þá verður fjallað um áhrif þess að vinna ekki eftir þeirri sameiginlegri stefnumörkun sem fram kemur í nýju svæðisskipulagi Vestfjarða. Sú nálgun er til þess fallin að draga fram þau áhrif sem framfylgd svæðisskipulagsins hefur í raun og veru. Matsvinna aðalskipulags mun byggja á fyrirliggjandi gögnum.

### 5.2 Áhrifa- og umhverfisþættir

Við mótun svæðisskipulagsstefnu verður litið til margvíslegra umhverfisþátta. Helstu áhrifaþættir og matsspurningar munu liggja fyrir þegar lengra er liðið á skipulagsvinnuna og verða kynnt í drögum að svæðisskipulagi. Helstu umhverfisþættir sem verða til skoðunar í svæðisskipulagsvinnunni eru eftirfarandi:

- Byggðapróun, byggðamynstur og atvinna
- Samgöngur
- Náttúrufar, vatnafar og lífríki
- Landslag og ásynd
- Menningarminjar
- Heilsa og öryggi
- Loftslagsmál
- Náttúruvá



### 5.3 Umhverfisviðmið/sjálfbærni viðmið

Eins og áður hefur komið fram, þá eru hluti viðmiða í umhverfismatinu annars vegar EarthCheck sjálfbærnisvar, sem eru í endurskoðun og hins vegar Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Heimsmarkmið sem verður unnið með eru m.a.:

	Hreint vatn og hreinlætisastada	6.3 Vatnsgæði verði aukin með því að draga úr mengun.	6.1 Öllum standi til boða heilnæmt drykkjarvatn á viðráðanlegu verði
	Sjálfbær orka	7.2 Hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.	
	Góð atvinna og hagvöxtur	8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu. Fjölbreytni, tækninýjungar, nýsköpun.	8.6 Hlutfall ungmenna lækki, sem eru atvinnulaus og stunda ekki nám.
		8.9 Mótun verði og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.	

	Nýsköpun og uppbygging	9.1 Traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir. Áhersla á jafnt aðgengi fyrir alla.	
	Sjálfbærar borgir og samfélög	11.1 Fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði. Grunnþjónusta standi öllum til boða.	11.2 Öruggt sjálfbær samgöngutæki á viðráðanlegu verði. Bætt vegakerfi. Betri almennings-samgöngur fyrir alla.
		11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.	
	Aðgerðir í loftslagsmálum	13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.	13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara.
	Líf á landi	15.9 Tillit tekið til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlana.	





## 6 Verkferlið

Svæðisskipulagið verður unnið í samræmi við verklagsreglur skipulagslaga og leiðbeiningar um gerð svæðisskipulagsáætlana í fjórða kafla. Fyrst er lýsing þessi kynnt og samþykkt, síðan hefst vinna við skipulagstillöguna eftir þeirri áætlun sem hér er lögð fram, með fyrirvara um breytingar.



Maí  
2024

Skipulagslýsing  
í kynningu

Samhliða skipulagsvinnunni verður Sóknaaráætlun fyrir Vestfirði endurskoðuð og ný áætlun samþykkt haustið 2024. Í upphafi vinnunnar að nýju svæðisskipulagi og sóknaaráætlun verður mikið samráð.



Apríl  
2025

Vinnslutillaga  
í kynningu

Fyrsta samráðsskrefið verður spurningalistakönnun sem send verður til um 200 manns. Til aðila sem sitja í sóknaarhópi Vestfjarðastofu sem er hópur lykilaðila innan atvinnulífs og samfélags, stjórnar og starfsfólks Vestfjarðarstofu auk aðila sem þegið hafa styrki úr Sóknaaráætlun. Annað samráðsskrefið eru sjö fundir fókushópa. Það eru hópar ungmenna, eldri borgara, fólks af erlendum uppruna, fræðafólks, ungs fólk sem flust hefur aftur heim og Menningarráðs.



Ágúst  
2025

Skipulagstillaga  
í kynningu



Apríl  
2026

Svæðisskipulag  
tekur gildi

Einnig verður lögbundið samráð í gegnum opna fundi í tengslum við lýsingu og kynningartillögu svæðisskipulagsins auk þess sem fundirnir verða einnig nýttir til samráðs um nýja sóknaaráætlun. Að síðustu eru lögbundnar kynningar á lýsingu, kynningartillögu og auglýsingartillögu mikilvægur hluti samráðsins.

Allt samráðið miðar að því að gefa íbúum Vestfjarða ríkt tækifæri til þess að koma að mótun beggja stefnuskjala.

Öll gögn sem samráðið skilar verða samnýtt í vinnunni að annars vegar svæðisskipulagi og hins vegar sóknaaráætlun. Skýringarmynd fyrir ferli svæðisskipulagsgerðar og tengsla við sóknaaráætlun er að finna í viðauka.

### 6.1 Hlutverk í ferlinu

Líkt og lýst er í skipulagslögum, annast svæðisskipulagsnefnd gerð þeirra tillagna sem lagðar eru fram í ferlinu, vinnur þær og kynnur. Samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna þarf til þess að kynna megi tillögur og samþykkja endanlegt skipulag. Að lokinni staðfestingu Skipulagsstofnunar tekur svæðisskipulag gildi.

Svæðisskipulagsnefnd er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi. Fulltrúum fækkar um tvo við sameiningu Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps og enn óvíst hverjir skipa sæti nýs sveitarfélags. Þegar þessi lýsing er skrifuð, sitja eftirfarandi fulltrúar í svæðisskipulagsnefndinni:

- **Árneshreppur:** Arinbjörn Bernharðsson og Eva Sigurbjörnsdóttir
- **Bolungarvíkurkaupstaður:** Ástrós Þ. Valsdóttir og Baldur S. Einarsson
- **Ísafjarðarbær:** Kristján Þ Kristjánsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
- **Kaldrananeshreppur:** Arnlín Óladóttir og Finnur Ólafsson
- **Reykhólahreppur:** Vilberg Þránínsson og Árný Huld Haraldsdóttir
- **Strandabyggð:** Jón Sigmundsson og Matthías Lýðsson
- **Súðavíkurhreppur:** Aníta Björk Pálínudóttir og Bragi Þór Thoroddsen
- **Tálknafjarðarhreppur:** Guðlaugur Jónsson og Lilja Magnúsdóttir
- **Vesturbyggð:** Anna Vilborg Rúnarsdóttir og Jón Árnason

Aðsetur svæðisskipulagsnefndar er hjá Vestfjarðastofu, sem fer með verkstjórn ferlisins og er nefndinni innan handar, ásamt ráðgjöfum.



## 6.2 Kynningar og umsagnaraðilar

Kynningartími skipulagslýsingar er sex vikur og hefst í maí 2024.

Athugasemdum má koma á framfæri í gegnum skipulagsgátt,

[www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)

Lögbundnir umsagnaraðilar eru Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Vegagerðin, Samgöngustofa, Isavia, Minjastofnun Íslands, Veðurstofa Íslands, Almannafræðingadeild ríkislögreglustjóra, Land og skógur. Einnig skal leita umsagna nágrannasveitarfélaga, Dalabyggðar og Húnaþings Vestra.

Að auki munu eftirfarandi aðilar fá lýsingu og tillögur til umsagnar:

Samband íslenskra sveitarfélaga, Háskólasetur Vestfjarða, Menntaskólinn á Ísafirði, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Náttúrustofa Vestfjarða, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælingar Íslands, Orkustofnun, Landsnet, Ferðamálastofa, Byggðastofnun, Lögreglan á Vestfjörðum, Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Bændasamtök Íslands, Samtök ferðaþjónustunnar, Menningarráð Vestfjarða, Markaðsstofa Vestfjarða, Sóknarhópur Vestfjarðastofu Ferðamálasamtök Vestfjarða, Náttúruverndarsamtök Vestfjarða, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands.


Umsagnarferlið er opið og öllum frjálst að koma með athugasemdir.

Til viðbótar við verklýsinguna, munu vinnslutillaga og skipulagstillaga fara í lögbundið, opið umsagnarferli í gegnum skipulagsgátt, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is).

Kynningar verða auglýstar í Morgunblaðinu og í héraðsmiðlum, á vefsíðu Vestfjarðastofu og hlutaðeigandi sveitarfélaga.



## Viðauki 1 – Ferli svæðisskipulags





## Viðauki 2 – Samantekt yfir stefnur og áætlanir